

## **Borgarráð 14. nóvember 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnabanka grunnskóla MSS24110078**

Lagt er til að stofnaður verði gagnabanki grunnskóla Reykjavíkur þannig að kallað verði eftir upplýsingum frá grunnskólum um leiðir og nálganir sem eru styrkleikamiðaðar og sem eru til þess fallnar til að hvetja börn til þátttöku og gera þau virk í verkefnum. Gagnabanki sem þessi getur síðan verið aðgengilegur öllum á miðlægum grunni.

### **Greinargerð**

Hér er átt við leiðir eða nálganir skóla sem þeir nota til að virkja nemendur, gera þá meira að þátttakendum en áhorfendum í mismunandi verkefnum. Gagnabanki sem þessi getur nýst öllum sem starfa með börnum. Þær nálganir sem hér er verið að kalla eftir að safnað sé í banka eiga það sameiginlegt að vekja áhuga og kveikja í krökkum löngun til að spreyta sig og nýta sína eigin getu og færni. Dæmi um vel heppnað verkefni í þessu sambandi er Skrekkur og aðrar sviðslistir þar sem krakkar nýta styrkleika sína og færni sem þátttakendur en ekki aðeins áhorfendur. Nýjar niðurstöður Æskulýðsrannsóknna sýna að ákveðinn hópur barna er ekki með nein áhugamál eða stundar tómstundir að eigin vali. Þessu þarf að breyta með hvatningu. Hér er verið að tala um gildi skapandi kennsluaðferða sem örva sköpunargleði nemenda. Huga þarf að fjölbreytni, ímyndunarafli, og þátttöku. Um er að ræða að tengja eigið efni við vinnslu og framkvæmd. Ekki bara gera meira af því sama heldur fara nýjar leiðir, hafa opna skóla þar sem hægt er að virkja alla. Hafa líka sérsniðnar lausnir í bland við þær hefðbundnu.